



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL FORSETA SRÍ LANKA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag samúðarkveðju til Maithripala Sirisena, forseta Srí Lanka, og annarra íbúa þar vegna hryðjuverkanna sem framin voru þar í landi í gær. Sagði forseti í kveðjunni að hugur okkar væri hjá þeim sem misst hefðu ástvini eða orðið fyrir árásum; og að ekkert geti réttlætt slík grimmdarverk. Jafnframt kvaðst forseti vona að umburðarlyndi í trúarlegum efnum, sem fyrir hendi væri í Srí Lanka, mundi ná að dafna og aukast í framtíðinni.

22. apríl 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).